

Sr. Ægir settur í embætti sóknarprests

Nýr prestur hefur tekið við Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli en innsetningarmessa séra Ægis Arnar Sveinssonar var sunnudaginn 5. mars í Ólafsvíkurkirkju. Tekur hann við af sr. Aðalsteini Þorvaldssyni, sóknarpresti í Setbergsprestakalli, sem hefur þjónað í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólsprestakalli tímabundið eftir að sr. Óskar Ingi Ingason lét af starfinu árið 2022. Það var sr. Gunnar Eiríkur Hauksson prófastur í Vesturlandsprófastsdæmi sem setti sr. Ægi í embætti sem predikaði svo.

Kirkjugestum var boðið í kaffiveitingar í safnaðarheimilinu að athöfninni lokinni.

SJ



UMFG sigurvegarar Krakkakviss 2023



Úrslitaviðureign Krakkakviss 2023 fór fram síðastliðinn laugardag en þættirnir voru sýndir á Stöð 2. Krakkakviss eru spurningaþættir þar sem Berglind Alda og Mikael Emil taka á móti 11-12 ára krökkum og spyrja þau spjörnum úr um allt á milli himins og jarðar. Það eru þrír keppendur í hverju liði sem keppa fyrir sitt íþróttafélag. Um var að ræða æsispennandi viðureign þegar Krista Rún Þrastardóttir, Haukur Orri Heiðarsson og Hans Bjarni Sigurbjörnsson kepptu fyrir hönd UMFG

gegn sterkum andstæðingum KR. Krista Rún, Haukur Orri og Hans Bjarni stóðu sig með þrýði og báru sigur úr þytum. Mikil spenna var hjá ungmennum í Grundarfirði fyrir keppnina og var fjölmennt á Kaffi 59 á meðan viðureigninni stóð þar sem krakkar á aldrinum 3-9. bekk grunnskólans hittust og horfðu saman á þáttinn. UMFG er sigurvegari Krakkakviss 2023 og hlaut því Krakkakviss bikarinn í verðlaun.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

Fagurhóll rifinn

Húsið Fagurhóll sem stóð við Mýrarholt 3 í Ólafsvík hefur nú verið rífið. Húsið hefur staðið mannlaut síðan 2019 en það hefur stórskemmt í óveðrum undanfarin ár og fjölmörg úrköll björgunarsveitar verið vegna þess. Til að mynda var mikil slyshætta af þakinu sem hefði getað tekið á loft í heilu lagi og var búið að gera nokkrar tilraunir til að binda það niður með stroffum. Upphaflega var Fagurhóll byggt árið 1840/50 en var þó ekki skráð fyrir en 1940 þegar byggt var við húsið.

Upphaflega var sótt um niðurrif á húsinu í janúar 2022 og fékkst sú umsókn samþykkt hjá umhverfis- og skipulagsnefnd, þá með fyrirvara um samkomulag milli lóðarhafa, veðhafa og sveitarfélags. Nú rúmu ári síðar er niðurrifi lokið en það var TS vélaleiga sem vann verkið.

Það er leiðinlegt að sjá gömul hús í sveitarfélaginu rifin niður en þegar slysaógn er af þeim þarf öryggið að ganga fyrir og mikilvægt að fyrirbyggja slys og tjón.

SJ



HERRAKVÖLD VÍKINGS Ó.



Veislustjórar
verða Andri og Villi
úr Steve dagskrá

LAUGARDAG 11.MARS 2023
FÉLAGSHEIMILIÐ KLIF
HÚSIÐ OPNAR 19:30
MIÐAVERÐ: 6.000 KR
SKRÁNING Á VIKINGUROL@GMAIL.COM

Getraunir 1x2

Vel var mætt hjá okkur á laugardaginn í getraunakaffinu, og enn eina helgina tókst mönnum ekki að krækja í vænan vinning. Mest voru menn með 10 rétt úrslit. Greinilegt að eitthvað vantar upp á þekkinguna, eða heppnina. Áfram verður haldið út keppnistímabil enska boltans. Víkingar gefast ekki upp! Á föstudaginn klukkan 19.00

verður fyrsti heimaleikur Víkinga, samkvæmt mótaskrá, þegar leikmenn Kára á Akranesi koma í heimsókn í Lengjubikarnum. Það er því upplagt að koma í Áttthagastofuna á laugardaginn, ræða leikinn, tippa nokkrar raðir og fá sér kaffi.


Áfram Víkingur.



Á síðasta laugardaginn var Bárður SH 81 að draga netin í blíðskapar veðri mjög nálægt landi fyrir utan Hellissand. Mjög góð veiði hefur verið hjá þeim á Bárði en í febrúar landaði Báturinn 883.9 tonnum í 30 löndunum og þurfti oft að tvílanda, mest

lönduðu þeir 40.1 tonni. Bárður er að veiða fyrir Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum og Þórnæs ehf. í Stykkihsólmi. Þennan dag lönduðu þeir á 61.5 tonnu, í tveimur löndunum. Upplýsingar eru fengnar á Aflafréttir.is


PA



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500
Áb.maður: Jóhannes Ólafsson
Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ
Netfang: steinprent@simnet.is
Sími: 436 1617



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199

Prinsinn í sýningu í Þjóðleikhúsinu



Leikritið Prinsinn eftir Kára Viðarsson og Maríu Reyndal var frumsýnt í Frystiklefanum á Rífi í apríl 2022 og fékk sýningin mikið lof leikhúsgesta. Í kjölfarið hélt leikhópurinn í leikferð sem teygði anga sína víða um land og er nú komið að því að leikhúsunndur á höfuðborgarsvæðinu og þeir af landsbyggðinni sem misstu af fyrri sýningum fái tækifæri til að sjá verkið. Prinsinn var frumsýndur í Þjóðleikhúsinu núna í febrú-

ar og geta þeir sem enn hafa ekki séð leikritið keypt miða á sýningar 3., 18. og 25. mars. Leikritið Prinsinn er hjartnæmt og myndi leikrit byggt á raunverulegri reynslu Kára á yngri árum en hann horfðist í augu við það sautján ára gamall að eiga von á barni. Verkið er byggt á sönnunum atburðum og skilur sýningin fólk eftir með margar spurningar.

SJ

SUMARVINNA

ÓSKUM EFTIR FÓLKI TIL STARFA
VIÐ LEIÐSÖGN Í VATNSHELLI

GÓÐ ÞJÓNUSTULUND ÁSAMT GÓÐRI
ÍSLENSKU- OG ENSKUKUNNAÐU SKILYRÐI.
NÁM SEM NÝTIST Í STARFI ER KOSTUR.

LAUN GREIDD SKV. KJARASAMNING
FÉLAGS LEIÐSÖGUMANNA

NÁNARI UPPLÝSINGAR
ÆGIR ÞÓR - AEGIR@SUMMITGUIDES.IS

Summit
ADVENTURE GUIDES

Við þurfum fleira fólk

Íbúar í Snæfellsbæ geta verið stoltir af hversu öflugt félagslíf er og hefur verið í Snæfellsbæ, það er örugglega ekki víða sem jafn mörg félög og klúbbar eru starfræktir og þegar hausatalan fræga er tekin í reikninginn þá er vafalítið um einhverskonar met að ræða.

Þrátt fyrir mikla félagslega virkni íbúa þá hefur gengið frekar illa að fá fólk til að taka virkann þátt í starfi Rauðakrossins í Snæfellsbæ, aðalfundir hafa verið illa sóttir og stjórnarfólk hefur þurft að ganga á eftir fólk til að lokka það í stjórn, hingað til hefur það gengið.

Á aðalfundi sem haldinn verður í Áttthagastofunni kl. 20 að kvöldi fimmtudags 9. mars þurfa tveir stjórnarmenn að víkja úr stjórn vegna reglna Rauða krossins um lengd stjórnarsetu, þessi sæti þarf

að fylla til að deildin sé lögleg.

Ef ekki tekst að manna stjórnina liggur fyrir að deildin verði annaðhvort lögð niður eða sameinuð öðrum deildum, Snæfellsbæjardeild Rauða krossins er fjárhagslega vel stæð og með góðu fólk í stjórn hefur hún alla burði til að vinna gott starf, það er því sorglegt ef ekki fæst fólk í stjórn.

Eins og með mörg félagasamtök er ekki haft hátt um verkefni deildarinnar og því ekki víst að íbúar viti hver verkefni Rauða krossins í Snæfellsbæ eru, hægt er að bæta úr því með því að mæta á aðalfund deildarinnar á fimmtudag. Þeir sem treysta sér til geta svo gefið kost á sér í stjórn eða teki þátt í starfi deildarinnar á annan hátt.

Jóhannes Ólafsson
ritari RKÍ í Snæfellsbæ



Rauði krossinn

**SPAGHETTI
MESSA**

Grundarfjarðarkirkju

miðvikudaginn
8. mars kl. 18.00

Gæðastund fyrir alla
Matur eftir athöfn
Velkomin öll og alltaf

Við Hafið setur upp hleðslustöðvar

Þrjár nýjar hleðslustöðvar hafa verið settar upp við gistiheimilið Við Hafið í Ólafsvík í samstarfi við Ísorku. Stöðvarnar eru með hleðslugetu allt að 22kW og geta þær hlaðið allar tegundir rafbíla. Hleðslustöðvarnar eru í eigu Við Hafið og eru hugsaðar fyrir gesti gistiheimilisins þó þær séu opnar fyrir alla. Viðskiptin fara þá í gegnum gistiheimilið eða app Ísorku en það tekur stöðvarnar að meðaltali 3 til 4 klukkustundir að hlaða rafbil.

SJ



Sími: 430 3700
www.fmis.is



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður

Nemendur í 7. bekk Grunnskóla Snæfellsbæjar dvöldu vikuna 20.-24. febrúar í skólabúðunum á Reykjum í Hrutafirði. Hefð hefur skapast fyrir því að árgangar fari í þetta ferðalag og mikil spenna myndast hjá krökkunum. Ungmennafélag Íslands hefur tekið við rekstri búðanna en lengi vel voru Karl B. Örvarsson og Halldóra Árnadóttir rekstraráðilar. Í búðunum fá nemendur tækifæri til þess að efla leiðtogaþæfni sína og sjálfmynd auk þess að vinna með sterkleika og veikleika til þess að bæta félagsfærni sína. Dvölin í búðunum er í boði Grunnskóla Snæfellsbæjar en skólinn greiðir allan ferða- og dvalarkostnað. Nemendur skemmtu sér konunglega yfir vikuna og voru þau einstaklega heppin með veður á meðan dvölinni stóð. Ásamt Grunnskóla Snæfellsbæjar voru nemendur frá tveim öðrum skólum í búðunum. Mikil ánægja var meðal starfsfólks og nemenda með ferðina sem heppnaðist mjög vel.

JJ

Sjöundi bekkur á Reykjum





Rauði krossinn

AÐALFUNDUR

Aðalfundur Rauða krossins í Snæfellsbæ
verður haldinn fimmtudaginn 9. mars 2023
kl. 20.00 í Átthagastofunni.

Venjuleg aðalfundarstörf

Áhugasamir eru hvattir til að gefa kost á sér í stjórn
og tryggja þannig að Rauði krossinn starfi áfram í Snæfellsbæ

Stjórn Rauða krossins Snæfellsbæ

Íþróttaskólinn byrjar aftur



Íþróttaskóli ungmennafélags Vikings/Reynis hefur hafið göngu sína á ný eftir áramót með breyttu sniði. Markmið íþróttaskóla er að kynna börn og aðstandendur fyr-

ir fjölbreyttri hreyfingu í notalegu umhverfi. Námskeiðið er ætlað börnum á leikskóla aldri og Leó Örn Þrastarson hefur tekið við starfi leiðbeinanda íþróttaskól-

ans. Námskeiðið verður haldið á laugardögum frá 10:30-11:10 til 6. maí. Skráning fer fram í skráningaforriti félagsins, Sportabler. Þeir sem eiga í vandræðum með

skráningu er velkomið að mæta og fá aðstoð við skráningu á staðnum.

Frábær árangur á fyrsta móti

Síðastliðinn september byrjuðu handboltaæfingar hjá ungmennafélaginu Víking/Reyni. Nokkur áhugi hefur verið á þessari nýju íþróttagrein og æfingargengið vel. Til þess að kynna íþróttina betur fyrir krökkunum var Jón Gunnlaugur Viggósson frá Handknattleikssambandi Íslands meðal annars fenginn sem gestþjálf-

ari á æfingu fyrir áramót. Æft er í tveimur aldursflokkum en það er annars vegar 1-4. bekkur og hins vegar 5-7. bekkur. Eldri hópurinn tók þátt í sínu fyrsta handboltamóti um liðna helgi. Mikil spenna var fyrir mótinu og mættu átta hressir drengir til leiks. Þeir spiluðu fjóra leiki á mótinu og unnu þrjá þeirra. Víkingur/Reyn-

ir lentu því í öðru sæti í sínum flokki. Frábær árangur hjá þessum flottu strákum sem eru að feta sín

fyrstu skref í nýrri íþrótt.

JJ



Aðalfundur Hollvinafélags Gamla Pakkhússins.



Aðalfundur Hollvinafélags Gamla Pakkhússins verður haldinn í félagsheimilinu Klifi miðvikudaginn 15. mars 2023 kl. 15.30

Nýtt píanó í tónlistarskólann

Tónlistarskóli Snæfellsbæjar hefur fest kaup á nýju píanói sem mun nýtast í kennslu. Píanóið er af gerðinni Kawai K-300. Gamla píanó skólans er komið til ára sinna og var því kominn tími á endurnýjun. Baldvin Leifur Ívarsson, Anton Gísli Ingólfsson, Vagn Ingólfsson, Evgeny Makeev ásamt Steindóri Guðmundssyni

unnu mikið þrekvirki þegar þeir báru píanóið upp á hæð tónlistarskólans en hljóðfærið er virkilega þungt. Vill tónlistarskólastjóri koma þökkum á framfæri fyrir þeirra framlag. SG flutningar fluttu píanóið til Snæfellsbæjar frá Reykjavík.

JJ



Bifreiðuverkstæði Ægis.
Rífl. S-4366677

Betra fyrir bílinn

Víkingur þéttir raðir

Knattspyrnudeild Víkings Ó. hefur samið við þrjá nýja leikmenn til þess að leika með liðinu í sumar. Enski miðjumaðurinn Luke Williams er einn þeirra sem hefur endurnýjað samning sinn og mun hann gilda út næsta tímabil. Luke hefur spilað 34 leiki fyrir Middlesbrough og 17 leiki fyrir yngri landslið Englands. Hann kom til Víkings um mitt síðasta tímabil og þótti standa sig mjög vel. Varnar- og miðjumaðurinn Guðbjörn Smári Birgisson hefur skrifað undir fyrsta samning við Víking Ó. Guðbjörn er 24 ára og ólst upp hjá Aftur-

eldingu en hefur spilað með Hvíta riddaranum og Þrótti Vogum í meistaraflokki. Hann hefur spilað fjóra leiki með Víking Ó. í vetur. Félagið hefur einnig samið við marokkóska leikmanninn Abdelhadi Khalok fyrir sumarið. Khalok er 26 ára gamall sóknarmaður en hann er fæddur og uppalinn á Spáni. Þykir hann mjög hraður og tekniskur leikmaður. Khalok er væntanlegur til landsins í þessari viku. Stjórn knattspyrnudeildar Víkings Ó. lýsir yfir mikilli ánægju með að hafa tryggt sér þjónustu þessara þriggja leikmanna í sumar.

JJ



Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi verður lokuð frá 13. - 24. mars

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar
vegna trygginga er bent á síma
440 2390 og 440 2000

Bæjarblaðið Jökull kemur út 16. og 23. mars.



SJÓVÁ

Aflafréttir

Vel veiddist í hlýindunum dagana 27. febrúar til 5. mars og komu alls á land í höfnum Snæfellsbæjar 1344 tonn í 113 löndunum. Í Rifshöfn var landað 723 tonnum í 41 löndun í Ólafsvíkurhöfn 611 tonnum í 70 löndunum og á Arnarstapa 10 tonnum í 2 löndunum. Sex handfæra bátar lönduðu í Ólafsvíkurhöfn þessa daga og lönduðu þeir 30 tonnum í 19 löndunum. Í Rifshöfn landaði einn handfærabátur og landaði hann 4 tonnum í 2 löndunum. Hjá dragnóta bátunum landaði Steinunn SH 66 tonnum í 3, Esjar SH 44 tonnum í 3, Magnús SH 43 tonnum í 4, Egill SH 42 tonnum í 3, Saxhamar SH 40 tonnum í 3, Rifsari SH 31 tonni í 3, Sveinbjörn Jakobsson SH 29 tonnum í 2, Guðmundur Jensson SH 24 tonnum í 4 og Gunnar Bjarnason SH 21 tonni í 3 löndunum. Hjá litlu línu bátunum landaði Kristinn HU 105 tonnum í 6, Tryggvi Eðvarðs SH 70 tonnum í 5, Eskey ÓF 53 tonnum í 4, Gullhólmi SH 48 tonnum í 4, Brynja SH 42 tonnum í 6, Signý HU 25 tonnum í 4, Lilja SH 24 tonnum í 3, Bíldsey



SH 23 tonnum í 3, Indriði Kristins BA 16 tonnum í 1, Sverrir SH 13 tonnum í 4, Rán SH 10 tonnum í 2, Þerna SH 10 tonnum í 2, Stakkhamar SH 9 tonnum í 1 og Kári SH 4 tonnum í 1 löndun. Stóru línu bátarnir þrír lönduðu allir einu sinni þessa daga og landaði Tjaldur SH 90 tonnum Rífsnes SH 69 tonnum og Örvar SH 68 tonnum. Hjá neta bátunum landaði

Bárður SH 215 tonnum í 9 og Ólafur Bjarnason SH 66 tonnum í 5 löndunum.

Tveir handfæra bátar lönduðu þessa sömu daga í Grundarfjarðarhöfn og lönduðu þeir 19 tonnum í 8 löndunum. Hjá botnvörpu bátunum landaði Sigurborg SH 188 tonnum í 2, Farsæll SH 123 tonnum í 2 og Hringur SH 45 tonnum í 1 löndun. Einn línu

bátur landaði þessa daga Valdimar GK og landaði hann 132 tonnum í 2 löndunum. Einn neta bátur landaði einnig Jökull ÞH og landaði hann 160 tonnum í 2 löndunum. Bára SH sem stundar veiði á Sæbjúgum landaði 2 tonnum í 2 löndunum þessa daga. Alls komu því á land í Grundarfjarðarhöfn 670 tonn í 19 löndunum.



Hunda- og kattaeigendur í Snæfellsbæ



Hundahreinsun verður þriðjudaginn 14. mars frá 14:00 – 17:00 í Áhaldahúsinu í Ólafsvík.

Kattahreinsun verður á sama stað þriðjudaginn 14. mars frá 17:00 – 18:00

Við viljum benda því fólki sem lætur **hreinsa og bólusetja sína hunda annars staðar**, að koma tilkynningum eða skírteinum um slíkt til bæjarskrifstofu Snæfellsbæjar.

Við bendum eigendum óskráðra hunda og katta að skrá þá þegar í stað!

Við hvetjum fólk til að mæta með hunda og ketti sína í hreinsun, hvort sem þeir eru skráðir eða óskráðir.